



Fundur Almannavarna

**Fundur haldinn í Almannavarnarnefnd mánudaginn 10. apríl 2019
kl. 12:00 í fundarsal SSS.**

Mættir: Kjartan Már Kjartansson, Ólafur Helgi Kjartansson, Guðmundur Helgi Öndarson, Ásgeir Eiríksson, Guðlaugur H. Sigurjónsson, Magnús Stefánsson, Jón Guðlaugsson og Gunnar Schram. Þorgrímur Árnason (HS), Egill Sigmundsson (HS Veitur) og Þróstur Söring (ISAVIA).

Dagskrá:

Formaður setur fundinn.

- 1) Mál. Staða verkefnis um áhættumat í umdæmi AVN Suðurnesja (Kjartan Már, Jón G)
Verkefnið náðist ekki nægjanlega vel af stað á síðasta ári. Ákveðið síðan í samráði við Herdísí Sigurjónsdóttur, verkefnastjóra, að stuðla að gerð viðbragðsáætlunar fyrir Njarðvíkurskóla, sem frumgerð slíkrar áætlunar fyrir stofnanir í umdæminu.
- 2) Mál. Fulltrúi í rýnihóp vegna stefnu í almannavarna og öryggismálum, beint að embætti Lögreglustjórans á Suðurnesjum (ÓHK)
Verið að stofna til rýnihóps á vegum dómsmálaráðuneytis, vegna stefnu í almannavarna og öryggismálum. Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum mun eiga fulltrúa og varamann í rýnihópnum, lögreglustjóra og yfirlögregluþjón. Kynnt á fundinum í því skyni að fá tillögur og áherslur frá svæðinu, varðandi sérstöðu Suðurnesja, s.s. vegna Keflavíkurflugvallar.
- 3) Mál. Frásögn af starfi Evrópuvísindanefndar um varnir og viðbrögð við eldgosum (ÓHK)
Tveimur lögreglustjórum á landinu boðið að fylgjast með störfum þessarar nefndar, þ.a.m. Ólafi Helga. Ólafur reifaði vinnu þessarar nefndar og hvaða vör snúa helst að Suðurnesjum. Ákveðið að óska eftir kynningu á mastersritgerð, sem væntanlega er lokið, sem snýr að þessu efni.

- 4) Mál. Afhendingaröryggi raforku á Suðurnesjum
Fulltrúar HS veitna kynntu stöðu afhendingaröryggis rafmagns á Suðurnesjum. Öryggi dreifikerfisins verði ekki tryggt fyrr en tvær flutningslínur rafmagns verði komnar upp. Áhyggjuefnið snýr að Suðurnesjalínu 1, því ef hún dettur út, horfi til vandamála. Ásgeir Eiríksson fór yfir stöðu undirbúningsvinnu Landsnets varðandi fyrirhugaða Suðurnesjalínu 2. Stefnt að því að fá á fund nefndarinnar fulltrúa frá HS Orku.
- 5) Mál. Rýnihópur vegna uppsetningar á nýrri aðgerðarstjórnstöð að Flugvöllum 29, sem stefnt er að verði tilbúin um næstu áramót. Lagt er til að stofnaður verði vinnuhópur hagsmunaaðila, sem vinni greiningar- og undirbúningsvinnu vegna aðgerðarstjórnstöðvarinnar.
- 6) Mál. Önnur mál.
Ekki önnur mál á dagskrá.

Fundi slitið kl. 13:08

Kjartan Már Kjartansson formaður (sign), Ólafur Helgi Hjartansson (sign), Gunnar Schram(sign), Guðlaugur H. Sigurjónsson (sign)Magnús Stefánsson(sign), Ásgeir Eiríksson (sign),Jón Guðlaugsson (sign).